

Sp.

672. Nefndarálit

[53. mál]

um till. til þál. um námskostnað.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Tillagan var rædd í allsherjarnefnd, en hlaut þar ekki afgreiðslu. Mismunandi aðstaða ungmenna til skólagöngu er þó þjóðfélagslegt vandamál, sem ekki verður komizt hjá að kryfja til mergjar. Hér kveður svo ramt að, að nú gerist það alltítt, að fólk flytji búferlum, þegar börnin fara í framhaldsskóla, beinlínis til þess að auðvelda skólagönguna, — og stundum virðist þetta eina úrræðið, þegar um barnmargar fjölskyldur er að ræða.

Nauðsynlegt er að kanna, hvað hinn fjárhagslegi mismunur er mikill, og undirbúa ráðstafanir til þess að jafna hann. Það er bæði siðferðileg og lagaleg skylda gagnvart hinni uppvaxandi kynslóð. Eftir verður samt sem áður ærinn aðstöðumunur á ýmsum sviðum menningarmála og þjónustustarfsemi, dreifbýlinu í óhag.

Þingsályktunartillagan á þskj. 55 mælir fyrir um rannsókn og undirbúning aðgerða í þessu þýðingarmikla og viðkvæma máli. Við leggjum til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1968.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
frsm.

Jónas Árnason.

Gísli Guðmundsson.